

Reglur um svæðafélög

I.

1. Svæðafélög eru svæðisbundin félög hundeigenda innan HRFÍ, sbr. 4. gr. laga HRFÍ. Þau vinna að markmiðum HRFÍ á ákveðnu landssvæði. Stjórn HRFÍ veitir heimild til stofnunar svæðafélags.
Í nafni svæðafélags skal koma fram yfir hvaða landssvæði það nær og að um svæðafélag HRFÍ sé að ræða.
Starfsemi svæðafélaga byggir á reglum þessum og þar sem við á reglum og tilmælum sem gefin eru út með heimild í lögum HRFÍ.

II. Markmið

2. Markmið svæðafélaga HRFÍ er að skapa hundum og hundaeigendum bestu hugsanlegu skilyrði með því að:
Vekja áhuga á og efla hreinræktun hunda sem fullnægja vel kröfum um andlegt og líkamlegt heilbrigði og þar sem við á um vinnueiginleika hunda.
Upplýsa og miðla þekkingu á umhirðu, eðli og þörfum hunda í nútíma þjóðfélagi.
Fylgjast með og vinna að hagsmunamálum hundaeigenda almennt.
Stuðla að góðum samskiptum hundaeigenda og almennings.

III. Starfsemi

3. Til þess að ná fram markmiðum sínum skulu svæðafélög:
Kynna markmið og starfsemi sem og lög og reglur HRFÍ og svæðafélags.
Skipuleggja eigin starfsemi í samráði við HRFÍ og taka þátt í starfsemi HRFÍ á svæðinu til eflingar ábyrgs hundahalds.
Vinna í samvinnu við stjórn HRFÍ að því að auðvelda samskipti hundaeigenda og stjórnvalda.
Taka þátt í og vinna að viðurkenndum sýningum og prófum HRFÍ.
Hvetja hundaeigendur og áhugafólk um hundahald til þátttöku í HRFÍ.

IV. Aðild

4. Félagi í HRFÍ sem býr á svæði svæðafélags getur orðið félagi í því.
Aðild að svæðafélagi lýkur ef félagi óskar eftir því að ganga úr því, hann greiðir ekki félagsgjald á réttum tíma eða siðanefnd HRFÍ hefur vísað honum úr félaginu.

V. Skipulag

5. Ársfundur hefur æðsta vald í málefnum svæðafélaga, nema í þeim málum þar sem lögum HRFÍ skal beitt. Stjórn svæðafélagsins fer með málefni þess milli ársfunda.
6. Á ársfundi hefur hver skuldlaus félagi svæðafélags málfrelsi, kjörgengi og atkvæðisrétt, sem ekki verður framseldur.
7. Ársfund svæðafélaga skal halda á tímabilinu 1.janúar til 31.mars.

Stjórn svæðafélags boðar til ársfundar og skal fundarboð birt með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu HRFÍ. Svæðafélag skal einnig birta upplýsingar um ársfund á facebook síðu félagsins.

8. Dagskrá ársfundar skal vera sem hér segir:
 1. Kosning fundarstjóra og skipan ritara.
 2. Staðfesting kjörskrár og lögmati fundarins kannað.
 3. Ákvörðun um fundarsetu og málfrelsi annarra en félaga skv. 10. grein.
 4. Sýrsla stjórnar lögð fram til staðfestingar. Ársreikingar lagðir fram til staðfestingar ef við á og rekstraryfirlit frá áramótum til aðalfundar lagt fram.
 5. Kosning stjórnar.
 6. Önnur mál sem stjórn svæðafélags hefur vísað til ársfundar eða félagi hefur sent stjórninni til umfjöllunar á ársfundi. Tilkynning um þess háttar mál skal vera skrifleg og hafa borist stjórninni í síðasta lagi tveimur vikum fyrir fundinn. Stjórnin skal skila umsögn um málið og tillögu um afgreiðslu.
9. Ef tillaga er lögð fram á ársfundi um önnur mál sem ekki hafa verið kynnt skv. 6. tl. 8. greinar, getur fundurinn ákveðið að taka hana til umfjöllunar, en ekki til ákvörðunar.
10. Eftirfarandi einstaklingar eiga rétt til fundarsetu og málfrelsis á fundum svæðafélaga, en ekki atkvæðisrétt:
Stjórnarmaður og varamaður í stjórn HRFÍ.
Ef einhver ofanritaðra einstaklinga er félagi í svæðafélaginu gildir hið sama um hann og aðra félaga.
11. Stjórn svæðafélags getur boðað til félagsfundar telji hún ástæðu til þess.
Félagsfund skal halda ef:
stjórn HRFÍ fer fram á það
20% félagsmanna óskar þess.
12. Krafa um félagsfund skal vera skrifleg, henni beint til formanns svæðafélags og í henni skal greina frá efni og ástæðum fundarins. Félagsfundi skal halda innan 30 daga frá því að stjórninni barst krafa um hann. Stjórnin ákveður fundartíma og -stað.
Fundarboð vegna félagfundar ásamt upplýsingum um þau mál sem eru á dagskrá skal birta með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsvæði HRFÍ og svæðafélags. Stjórn svæðafélags boðar til fundarins. Ef stjórn heldur ekki fund skv. 11. og 12. gr. er stjórn H.R.F.Í. heimilt að boða hann.
13. Kjörskrá félagsfundar skal grundvalla á þeirri félagaskrá sem í gildi við lok næsta virka dags á undan fundardegi. Atkvæðagreiðsla fer fram með handauppréttingu. Við kosningar skal atkvæðagreiðsla vera skrifleg, fari einhver félagi fram á það. Ef atkvæði eru jöfn í kosningu er varpað hlutkesti. Um ályktun fundarins ræður einfaldur meirihluti.

VI. Stjórn svæðafélags

14. Stjórn svæðafélags stjórnar rekstri þess á milli ársfunda. Í stjórn sitja 3-5 stjórnarmenn.

15. Við stofnun svæðafélags skal stjórn HRFÍ tilgreina þrjá eða fimm stjórnarmenn, sem sjá um að boða til ársfundar svæðafélagsins innan mánaðar frá stofnun þess. Til fundarins skal boða með a.m.k. 7 daga fyrirvara á vefsíðu. Ef fimm manns skipa stjórn, skal á fyrsta ársfundi kjósa þrjá stjórnarmenn til tveggja ára og tvo stjórnarmenn til eins árs. Í þriggja manna stjórn eru, á fyrsta ársfundi, kosnir tveir stjórnarmenn til tveggja ára og einn stjórnarmaður til eins árs. Fundargerð ársfundar skal rituð og hún birt opinberlega. Í fundargerð skal m.a. greint frá kjöri stjórnarmanna og atkvæðafjölda. Stjórn skiptir með sér verkum og velur sér formann á fyrsta fundi sem elsti stjórnarmaður skal boða til innan tveggja vikna frá ársfundi. Þá skal kosinn gjaldkeri á fyrsta stjórnarfundi.
16. Formaður boðar til stjórnarfunda. Á stjórnarfundum skal færa fundargerð. Stjórnarfundur er ályktunarbær þegar meirihluti stjórnarmanna eru mættir. Um ályktun stjórnar ræður einfaldur meirihluti. Við jöfn atkvæði ræður atkvæði formanns úrslitum.
17. Stjórn svæðafélags skal, auk þess sem lög HRFÍ eða reglur þessar kveða á um:
 1. Kjósa varaformann og ritara, gjaldkera ef við á.
 2. Undirbúa mál sem tekin eru fyrir á ársfundi.
 3. Hrinda ákvörðunum ársfundar í framkvæmd.
 4. Bera ábyrgð á eignum svæðafélags.
 5. Skila skýrslu stjórnar, og staðfestum ársreikningum ef við á, til HRFÍ strax að loknum ársfundi svæðafélags og eigi síðar en mánuði eftir ársfund, sbr. 19. grein.
 6. Skila skýrslu um mál sem stjórn HRFÍ felur svæðafélaginu.
 7. Upplýsa stjórn HRFÍ um stærri mál á vegum svæðafélags.
 8. Að sjá um málefni svæðafélags að öðru leyti.
18. Stjórn svæðafélags, með sérstaka kennitölu, og eigin fjárhag um viðburði haldna á vegum félagsins, skal tryggja að meðferð fjármuna svæðafélagsins sé samkvæmt viðurkenndum bókhalds- og reikningsskilavenjum. Gjaldkeri stjórnar hefur prókúru á reikning svæðafélagsins og ráðstafar fjármunum samkvæmt ákvörðun stjórnar og fjárhagsáætlun hverju sinni. Gjaldkeri annast greiðslur samþykktra reikninga og hefur prókúru á útgjaldareikninga vegna þeirra. Stjórn getur falið félagsmanni umsjón með verki sem samþykkir reikninga sem berast áður en þeir eru greiddir. Fé er ávaxtað samkvæmt stefnu um ávöxtun með lágmarksáhættu.
19. Stjórn svæðafélags getur skipað nefndir og vinnuhópa úr hópi félagsmanna til þess að sjá um ákveðin mál.
20. Stjórn svæðafélags skal í síðasta lagi mánuði eftir stjórnarkjör, tilkynna stjórn HRFÍ um skipan stjórnar og starfsáætlun.

VIII. Félagsslit

21. Svæðafélag getur sótt um það til stjórnar HRFÍ að vera lagt niður. Slíka umsókn þarf að samþykkja á ársfundi svæðafélags með 3/4 hlutum greiddra atkvæða. Stjórn HRFÍ tekur ákvörðun um hvort svæðafélag verði lagt niður.
22. Stjórn HRFÍ getur ákveðið að leggja svæðafélag niður:
 - Ef það er óstarfhæft vegna lítillar virkni eða of fárra félaga.
 - Ef það hefur valdið HRFÍ eða öðru svæðafélagi alvarlegu tjóni með gerðum sínum að mati siðanefndar félagsins.
 - Ef það hefur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt lögum HRFÍ eða reglum þessum skv. mati stjórnar HRFÍ.Áður en stjórn HRFÍ tekur ákvörðun um að leggja niður svæðafélag, skal stjórn þess fá tækifæri til að tjá sig um málið. Í stað þess að leggja félagið niður getur stjórn HRFÍ ákveðið að efna til stjórnarkosninga í félaginu og skal þá kjósa stjórn eins og um stofnfund væri að ræða, sbr. 15.gr.
23. Þegar svæðafélag er lagt niður falla eignir og gögn þess til HRFÍ.
24. Reglugerð þessi tekur gildi nú þegar.

Reykjavík, 1.júní 2022